

Nr. 132 / 13 Grundfirðingur SH 24***Skipverji slasast vegna sjóðandi vatns***

Skipaskr.nr. 1202 IMO nr. 7208780
Smíðaður: Garðabæ 1972, stál
Stærð: 150,8 brl. 255 bt.
Mesta lengd: 35,37 m Skráð lengd: 32,02 m
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,55 m
Vél: Caterpillar 578 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 14



Grundfirðingur©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. ágúst 2013 var Grundfirðingur SH 24 á veiðum um 40 sml NV af Straumnesi. Veður: N-10 m/sek. Nokkur sjór

Skipverji var að störfum í eldhúsi þegar hann fékk yfir sig sjóðandi vatn. Hann fór strax undir kalt vatn til að kæla brunasvæði. Fljótlega sá skipstjóri hversu mikill bruninn var og óskaði eftir aðstoð. Eftir samráð við lækni var þyrla LHG send til að sækja slasaða og flytja á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að matsveinn skipsins var að sjóða vatn í hraðsuðukatli. Ketillinn var í skorðum á langskips borði í gangvegi úr eldhúsi fram í borðsal og sat tryggilega fastur þrátt fyrir velting skipsins. Hann var lokaður með loki sem átti að vera á löm en hún var brotin og lokið því laust. Í einni veltunni þrýsti vatnið lokinu af og gusaðist sjóðandi heitt upp úr katlinum;
- að vatnsgusan stóð inn í gangveginn og lenti á maga, handlegg og fæti slasaða þar sem hann stóð til hliðar við borðið. Hann hlaut annars og þriðja stigs brunasár;
- að eftir vatnskælingu á brunasvæðum bar skipstjóri hitalækkandi krem á sárin og bjó um þau;
- að hraðsuðuketillinn var endurnýjaður í kjölfar slyssins en er á sama stað.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til ástands og staðsetningar hraðsuðuketilsins.